


Grunnmynd 2. hæðar



Grunnmynd rishæðar

Lýsing

Hraunkambur 10 er steinsteypt og skeljasandsklætt tvíþýlishús, tvær hæðir og ris með kvistum á hverri hlið þaksins sem er valmapak. Það er byggt eftir teikningum Sigurðar J. Ólafssonar frá árinu 1952. Þær teikningar sýna eina íbúð í húsinu. Árið 1987 hefur húsinu verið skipt upp í tvær íbúðir, eina á neðri hæð og aðra á efri hæð og í risi, eftir teikningum F. Sigurðssonar. Fleiri teikningar eru ekki til af húsinu, en byggð hefur verið viðbygging við efri hæðina við norðurhlíð. Sú bygging mælist 13,2 m², byggð úr timbri og plötuklædd.

Eigendur 0201, efri hæðarinnar, óska eftir því að hækka þakið, stækka kvistina og koma fyrir þaksvolum framan við kvistinn á vesturhlíð. Einnig að reisa líttla viðbyggingu við vesturhlíð. Sú viðbygging yrði fyrir neðan þakkantinn og byggð úr timbri, klædd stáli í dökkum lit, svipuðum lit og á gluggum hússins. Við þetta myndu últröppur lengjast til suðurs um 2 metra en 3 metrar eru frá húsi að lóðarmörkum.

Viðbyggingin stendur á steypum sökkli. Einangrað verður undir plötuna með 100mm stífri steinull. Nýir útveggir eru úr 45x120mm c/c 600mm og einangraðir með 120mm þéttull, klæddir 12 mm grenikrossviði, vindpappa og galvanhúðuðu járn að utan, en að innan með þolplast, lagnagrind 34x45 mm c/c 600mm og plötum í flokki 2. Gluggar og hurðir eru úr timbri með tvöföldu k-gler. Gler í svalahurð og glugga er EV30. Þavirki í risi og viðbyggingu er úr 45x220mm sperrum c/c 600mm. Einangrun er 200 mm þakull, loftun undir borðþaki er 25mm. Þak á risi verður klætt bárujárni en þak á viðbyggingu er með lágmarksþakhalla og klætt dúk í flokki 2. Að innan eru þökin klædd þolplast, 34x45mm lagnagrind c/c 600mm og plötum í flokki 2. Innveggir eru úr 45x70mm timbrgrind fylltir þéttull og klæddir plötum í flokki 2. Plata á milli 2. hæðar og rishæðar er steyppt plata. Núverandi stígi upp á rishæðina er steyppt, en nýr stígi er úr timbri, hæð handriðs 90cm.

Viðbygging til norðurs (þegar byggð) verður endurklædd og þak endurbýtt. Allt efni og frágangur verður eins og á nýju viðbyggingunni.

Loftræsting er um opnanlega glugga í öllum herbergjum. Einnig er útsög á baðherbergi skv. reglugerð.

Upphitun er með hefðbundnu hitaveituofnakerfi.

Inntök eru á baðherbergi á 1. hæð.

Rafmagnstafla fyrir íbúð á 2. hæð er undir stiganum.


Sorp fyrir íbúð 0201 er við vesturhlíð hússins, við últröppur. Sorp fyrir íbúð 0101 er framan við inngang þeirra við austurhlíð.

Brunavarnir:

Frá rishæð eru tvær flóttaleiðir, önnur um stíga niður á 2. hæð og hin út á svalir. Frá svolum er svo auðvelt að komast yfir þá þak nýrrar viðbyggingar til vesturs. Einnig má komast út á þak viðbyggingarinnar til norðurs, um glugga á baðherbergi á rishæð.

Flóttaleiðir frá 2. hæð eru um anddyri annars vegar og um baðherbergi og þvottús hins vegar.

Reykkyrnjarar verða í öllu húsinu og slökkvítæki af viðurkenndri gerð verður staðsett í anddyri og á gangi rishæðar.



SHS
7.12.2021

| | | |
|--------------------------|----------|----------|
| Stærð húss samkvæmt fmr: | 174,0 m² | 494,0 m³ |
| Eftir stækkun: | 206,1 m² | 582,6 m³ |
| Stækkun: | 32,1 m² | 88,6 m³ |

Landeignanúmer L121010
Lóð 639, m²
Nýtingarhlutfall 0,32

HRAUNKAMBUR 10, HAFNARFIRÐI

Breytingar á íbúð 0201
Grunnmynd 2. hæðar og rishæðar mkv. 1:100
Afstöðumynd mkv. 1:500
30. nóvember 2021

Lóla Flygenring

Ólöt/Flygenring arkitekt faí - Mjóahlíð 4, 105 Reykjavík
lola.flygenring@gmail.com - s. 8457873 - 1009554669